

# FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

ÁRSREIKNINGUR 2015



## EFNISYFIRLIT

---

Áritun óháðs endurskoðanda.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	7
Efnahagsreikningur.....	8
Yfirlit um sjóðstreymi.....	9
Skýringar.....	10
Deildaskipt yfirlit.....	20
Kennitölur.....	23
Sundurliðanir á verðbréfum.....	29
Ávöxtun eignasafna.....	34
Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2016 (útdráttur).....	35
Stjórnarháttayfirlýsing Frjálsa lífeyrissjóðsins 2016.....	36

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreiknings sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015 í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogi, 6. apríl 2016

**Deloitte ehf.**



Knútur Þórhallsson  
endurskoðandi

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild. Sjóðurinn hentar þeim sem geta valið um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skylduiðgjöld sín og öllum þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í sjóðinn.

### Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2015 voru sjóðfélagar 52.654 og fjölgaði þeim um 3.118 en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 19.475 og fjölgaði þeim um 484. Hrein eign sjóðsins nam 173.857 milljónum kr. og stækkaði sjóðurinn um 27.559 milljónir kr. eða 18,8%. Hrein eign fjárfestingarleiða í séreignadeild var 124.678 milljónir kr. og hrein eign tryggingadeildar var 49.179 milljónir kr. Heildariðgjöld námu 13.361 milljónum kr. og jukust um 33% á milli ára og heildarlífeyrisgreiðslur námu 3.286 milljónum kr. og lækkuðu um 3% á milli ára. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2008 boðist að velja milli fjögurra fjárfestingarleiða séreignadeildar sem eru með mismunandi fjárfestingarstefnu, áhættu og ávöxtun. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild
Nafnávöxtun .....	13,2%	11,8%	6,8%	20,4%	10,5%
Hrein raunávöxtun .....	11,0%	9,6%	4,7%	18,0%	8,4%
Hrein eign í milljónum kr. ....	95.290	9.168	20.020	199	49.179
Fjöldi sjóðfélaga/rétthafa .....	42.568	4.132	8.035	120	40.973
Fjöldi sem greitt hefur í sjóðinn á árinu .....	13.468	1.731	4.093	102	16.258
Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi í sjóðinn á árinu .....	10.604	1.432	3.520	73	12.900
Fjöldi lífeyrisþega .....	1.048	174	585	9	1.238

Markhópur	Yngri en 55 ára	Eldri en 55 ára	Lífeyris-þegar	Áhættu-sæknir	Allir
Fjárfestingarstefna 2015:					
Skuldabréf .....	50%	75%	80%	45%	75%
Innlend hlutabréf .....	20%	15%	0%	45%	15%
Erlend hlutabréf .....	25%	5%	0%	5%	5%
Bankainnstæður .....	5%	5%	20%	5%	5%
	100%	100%	100%	100%	100%

### Eitt besta ár Frjálsa lífeyrissjóðsins

Árið 2015 var eitt af bestu árum Frjálsa lífeyrissjóðsins frá stofnun sjóðsins þegar horft er til nokkurra þátta í rekstri sjóðsins. Meðalraunávöxtun allra fjárfestingarleiða og tryggingadeildar var 9,5%. Raunávöxtun stærstu fjárfestingarleiðarinnar, Frjálsa 1, var 11,0% og hefur raunávöxtun leiðarinnar ekki verið hærri frá árinu 2003. Frjálsi Áhætta skilaði metraunávöxtun eða 18,0% sem er hæsta raunávöxtun í sögu sjóðsins. Á árinu greiddu 19.475 sjóðfélagar 11,7 milljarða kr. í iðgjöld til sjóðsins og hefur fjöldi greiðandi sjóðfélaga og fjárhæð iðgjalda í sjóðinn aldrei verið hærri. Sjóðurinn greiddi 2,3 milljarða kr. í lífeyri til 2.798 sjóðfélaga. Tryggingafræðileg staða tryggingadeildar sjóðsins batnaði sjötta árið í röð og voru eignir umfram heildarskuldbindingar í lok árs 5,0% sem endurspeglar sterka tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Loks var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í sínum stærðarflokki annað árið í röð af fagtímaritinu Investment Pension Europe.

### Besti lífeyrissjóður Evrópu í sínum stærðarflokki

Á árinu 2015 var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í sínum stærðarflokki annað árið í röð af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE). Í umsögn dómnefndar kom meðal annars fram að samhliða öflugri áhættustýringu hafi Frjálsi lífeyrissjóðurinn sýnt framsýni í fjárfestingarákvörðunum undanfarnin ár sem hefur skilað sér í góðri ávöxtun og ánægðum sjóðfélögum.

IPE hefur veitt Frjálsa lífeyrissjóðnum fjölmörg verðlaun á undanförunum árum. Til viðbótar við ofangreind verðlaun var sjóðurinn t.d. valinn besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með undir 1 milljón íbúa árin 2013 og 2014.

### Ávöxtun

Ávöxtun fjárfestingarleiða sjóðsins árið 2015 var 6,8%-20,4% og verðbólga mældist 2%. Ólíkar fjárfestingarstefnur gilda fyrir einstakar fjárfestingarleiðir og skýrir það mun á ávöxtun milli fjárfestingarleiða. Þróun verðbréfamarkaða var sjóðnum mjög hagfelld sem hafði jákvæð áhrif á ávöxtun leiðanna. Frjálsi Áhætta skilaði 20,4% nafnávöxtun og 18,0% raunávöxtun sem er hæsta raunávöxtun í sögu sjóðsins. Ástæðan fyrir hárrí ávöxtun leiðarinnar má fyrst og fremst rekja til góðrar ávöxtunar á innlendum hlutabréfamarkaði en Úrvalsvísitalan hækkaði um 43,4%. Frjálsi Áhætta er sú leið sjóðsins sem hefur hæsta vægi innlendra hlutabréfa, eða um 32% í lok árs. Fimm ára nafnávöxtun Frjálsa Áhættu á ársgrundvelli er 11,9% og raunávöxtun 8,4%.

Nafnávöxtun Frjálsa 1, sem er stærsta, fjölmennasta og elsta fjárfestingarleið sjóðsins, var 13,2% og raunávöxtun 11,0% og hefur raunávöxtun leiðarinnar ekki verið hærrí síðan árið 2003. Innlend skuldabréf, sem vógu um 42% af eignum leiðarinnar í lok árs, skiluðu góðri ávöxtun en verðtryggð íbúðarbréf hækkuðu um 7,3%-11,9% og óverðtryggð ríkisskuldabréf um 3,9%-11,9% á árinu. Í lok árs var hlutfall innlendra hlutabréfa leiðarinnar um 22% og erlendra hlutabréfa 21%. MCSI vísitalan heimsvísitalan lækkaði um 2,7% í dollar en vegna styrkingar dollar gagnvart íslenskri krónu nam lækkunin 0,7% í íslenskum krónum. Fimm ára nafnávöxtun Frjálsa 1 á ársgrundvelli er 10,2% og raunávöxtun 6,7%.

Frjálsi 2 skilaði 11,8% nafnávöxtun og 9,6% raunávöxtun sem er hæsta raunávöxtun leiðarinnar frá árinu 2004. Stærstu eignaflokkar leiðarinnar voru í lok árs skuldabréf 71%, innlend hlutabréf 14% og innlán 11%. Fimm ára nafnávöxtun Frjálsa 2 á ársgrundvelli er 8,5% og raunávöxtun 5,1%.

Frjálsi 3, sem er áhættuminnsta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 6,8% nafnávöxtun og 4,7% raunávöxtun. Eignir leiðarinnar samanstanda nær eingöngu af skuldabréfum 77% og innlánum 22%. Fimm ára nafnávöxtun Frjálsa 3 er 6,5% og raunávöxtun 3,1%.

Skuldabréf tryggingadeildar eru gerð upp á kaupkröfu en á markaðsvirði í séreignarleiðunum. Nafnávöxtun tryggingadeildar var 10,5% og raunávöxtun 8,4% og er það hæsta raunávöxtun deildarinnar frá árinu 2006. Skuldabréf deildarinnar vega um 68% af eignum sjóðsins, innlend hlutabréf um 18%, innlán 10% og erlend hlutabréf 4%. Fimm ára nafnávöxtun deildarinnar á ársgrundvelli er 9,0% og raunávöxtun 5,5%.

### Traust tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða tryggingadeildar er traust en hún batnaði sjötta árið í röð. Eignir umfram heildarskuldbindingar voru í lok árs 5,0% og batnaði staðan um 3,3 prósentustig á milli ára. Betri stöðu má fyrst og fremst rekja til þess að raunávöxtun tryggingadeildar var mun hærrí en þau 3,5% sem miðað er við í tryggingafræðilegum forsendum.

### Hækkandi meðalævi

Ein helsta áskorun sjóðsins er sú jákvæða staðreynd að meðalævilengd þjóðarinnar fer hækkandi. Lenging á meðalævi þýðir að ellilífeyrir úr tryggingadeild, sem er greiddur til æviloka, er greiddur lengur til hvers sjóðfélaga að meðaltali og að öllu óbreyttu hækka skuldbindingar sjóðsins.

Af hálfu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga hafa verið kynntar hugmyndir um að áætlun um lífslíkur fólks í framtíðinni verði grundvöllur við mat á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóða en ekki lífslíkur út frá reynslu í fortíðinni eins og hefur verið. Breyttar forsendur myndu hækka áfallnar skuldbindingar tryggingadeildar um ca. 18%. Sem mótvægi við hækkun skuldbindinga hafa Landssamtök lífeyrissjóða kynnt hugmyndir um að ellilífeyristökualdur verði hækkaður um 2 mánuði á ári næstu 12 árin og 1 mánuð á ári næstu 12 ár þar á eftir. Þannig yrði ellilífeyristökualdur hækkaður í litlum skrefum um þrjú ár næstu 24 árin.

Markmið þessara mótvægisáðgerða væri fyrst og fremst að draga úr hækkun skuldbindinga vegna hækkandi meðalævi. Talið er eðlilegt að samfara hækkun á meðalævi hækki ellilífeyristökualdur þannig að greiðslutími ellilífeyris verði svipaður að lengd hjá öllum árgöngum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn ákvað á sínum tíma sem einn fárra lífeyrissjóða að bjóða upp á að skylduþingjaldi yrði ráðstafað að hluta til frjálsrar séreignar sem er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Þær breytingar sem líklegt er að þurfi að grípa til munu ekki hafa áhrif á útgreiðslur frjálsrar séreignar. Gert er ráð fyrir að tillögur um breytt fyrirkomulag taki gildi í byrjun árs 2017 og að lífeyrissjóðir geri breytingar á samþykktum á aukaársfundum á árinu 2016.

### Fjárfestingarheimildir erlendis

Ein helsta áskorun sjóðsins er eignastýring sjóðsins í fjármagnshöftum því það er nauðsynlegt fyrir lífeyrissjóði að fjárfesta erlendis, fyrst og fremst til að ná betri áhættudreifingu á eignum sínum. Um mitt ár 2015 heimilaði Seðlabanki Íslands lífeyrissjóðum að fjárfesta fyrir 10 milljarða kr. á árinu og var hlutdeild Frjálsa lífeyrissjóðsins 709 milljónir kr. og nýtti sjóðurinn sér heimildina. Seðlabankinn gaf svo lífeyrissjóðum heimild til að fjárfesta fyrir 20 milljarða kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2016 og mun sjóðurinn einnig nýta sér þá heimild en hlutdeild sjóðsins er 1,3 milljarðar kr.

### Frjálsi lífeyrissjóðurinn tekur við séreignarsparnaði sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) tók þá ákvörðun að loka séreignadeild sjóðsins og var séreign sjóðfélaga flutt í Frjálsa lífeyrissjóðinn skv. samkomulagi sjóðanna nema sjóðfélagar óskuðu eftir að flytja séreignarsparnað sinn til annarra vörsluaðila. Sjóðfélagar í séreignardeild LSS voru um eitt þúsund talsins og nam heildarflettingur séreignarsparnaðar þeirra í Frjálsa lífeyrissjóðinn um 1,5 milljörðum kr.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn lýsir yfir ánægju með það traust sem honum var sýnt með samkomulaginu við LSS og býður jafnframt nýja sjóðfélaga velkomna í sjóðinn.

### Stjórnarhættir

Stjórn sjóðsins fékk ráðgjafarsvið KPMG til að gera úttekt á stjórnarháttum sjóðsins á árinu. Í framhaldinu af þeirri vinnu voru gerðar breytingar á starfsreglum stjórnar með hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn hefur útbúið stjórnarháttayfirlýsingu fyrir árið 2015 sem er birt í heild sinni í viðauka við ársreikning sjóðsins en henni er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og uppfylla kröfur í reglum FME um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015.

### Fjárfestingarstefna

Eitt af mikilvægustu hlutverkum stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins er að setja fjárfestingarstefnu fyrir einstaka deildir sjóðsins. Í stefnunni eru sett markmið sjóðsins um hlutfall fjárfestinga einstakra deilda í tilteknum eignaflokkum en heimilt er að víkja frá markmiðunum að ákveðnum hámarks- og lágmarks- til að nýta tækifæri sem gefast á verðbréfamörkuðum. Óverulegar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnunni fyrir árið 2016 en útdrátt úr stefnunni má finna í viðauka ársskýrslunnar og á vef sjóðsins, [www.frialsi.is](http://www.frialsi.is)

### Áhættustefna, áhættuskýrslur og rekstraráhættumat

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur mótað áhættustefnu í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Í áhættustefnunni er fjallað um áhættuþætti í rekstri sjóðsins, s.s. markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu og mótaðilaáhættu. Áhættustýring Arion banka gefur út áhættuskýrslur fyrir sjóðinn sem eru lagðar fyrir stjórn á hverjum stjórnarfundum. Markmiðið með skýrslunum er að stjórn og þeir sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu sjóðsins og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásætlanleg mörk.

Jafnframt hefur Áhættustýring Arion banka umsjón með framkvæmd rekstraráhættumats þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti. Í rekstraráhættumatinu er meðal annars litið til starfsmannaáhættu, hættu á sviksemi, orðsporsáhættu, upplýsingatækniáhættu og áhættu tengda verkferlum.

### Stjórnarlaun, umsýsluþóknun og aðrar þóknanir

Heildarstjórnarlaun á árinu 2015 námu 10,7 milljónum kr. Umsýsluþóknun til rekstraraðila fyrir rekstur og eignastýringu nam 469,6 milljónum kr. eða 0,29% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins. Auk þess greiddi sjóðurinn vörsluþóknun til rekstraraðila og nam hún 44 milljónum kr. Þóknun endurskoðunarnefndar nam 1,3 milljónum kr. og þóknun til ytri endurskoðanda 8,2 milljónum kr.

### Lækkun vaxta lífeyrissjóðslána og valkostum fjölgað

Í janúar 2016 lækkaði stjórn sjóðsins vexti á lífeyrissjóðslánunum, bauð upp á fleiri lánsform og gerði frekari breytingar á lánareglum til hagsbóta fyrir sjóðfélaga. Breytingarnar miðuðu að því að auðvelda sjóðfélögum fjármögnun og auka sveigjanleika þeirra við lántöku. Helstu breytingar voru eftirfarandi:

- Vextir á verðtryggðum lánunum með breytilegum vöxtum lækkuðu úr 3,8% í 3,17%
- Sjóðfélögum var boðið að taka verðtryggð lán með föstum vöxtum, nú 3,75%
- Sjóðfélögum var boðið að taka óverðtryggð lán með föstum vöxtum til þriggja ára í senn, nú 6,58%. Að þremur árum liðnum eru vextirnir endurskoðaðir og getur lántaki valið um að festa vexti aftur í þrjú ár eða breyta yfir í önnur lánsform sem bjóðast hjá sjóðnum á þeim tíma án lántökukostnaðar.
- Hámarksveðsetningarhlutfall var 65%. Sjóðfélögum var boðið að taka viðbótarlán fyrir þann hluta láns sem nam 65-75% af virði eignar en með hærri vöxtum.

Ekki er tekið uppgreiðslugjald. Sjóðfélagar sem hafa greitt skyldu- eða viðbótarlífeyrissparnað í sjóðinn í þrjú ár eða síðustu sex mánuði eiga lánsrétt í Frjálsa lífeyrissjóðnum. Hámarkslánsfjárhæð er 40 milljónir og er hægt að velja um jafnar afborganir eða jafngreiðslur. Lántökugjald er 0,75%.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir lánunum sjóðsins eftir að vextir lánanna voru lækkaðir og fyrstu tvo mánuði ársins 2016 höfðu þegar verið teknar ákvarðanir um lánveitingar sem námu hærri fjárhæðum en voru lánaðar á öllu árinu 2015.

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. apríl 2016

### Í stjórn



Ásgeir Thoroddsen  
stjórnarformaður



Anna Sigríður Halldórsdóttir



Ásdís Eva Hannesdóttir



Elías Jónatansson



Elín Þórðardóttir



Jón Guðni Kristjánsson



Magnús Pálmi Skúlason

### Framkvæmdastjóri



Arnaldur Loftsson

## YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		4.170.220	3.370.685
Iðgjöld launagreiðenda .....		7.545.848	6.554.807
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		1.489.268	2.390
Sérstök aukaframlög .....		155.193	125.976
	10-11	<u>13.360.529</u>	<u>10.053.858</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	12	(2.285.303)	(2.142.412)
Útgreiðsla séreignarsparnaðar skv. br.b.ákvæði .....	13	(176.219)	(1.006.806)
Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána eða til öflunar íbúðarhúsnæðis .....	14	(722.420)	(141.703)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....	15	(101.779)	(88.180)
		<u>(3.285.721)</u>	<u>(3.379.101)</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....	16	2.640.749	595.145
Vaxtatekjur (-gjöld) og gengismunur .....	17,19	15.340.586	7.519.163
Breytingar á niðurfærslu .....	27	80.276	(10.156)
		<u>18.061.611</u>	<u>8.104.152</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(192.598)	(168.628)
Önnur fjárfestingargjöld .....		(203.797)	(183.594)
	18	<u>(396.395)</u>	<u>(352.222)</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	18	<u>(180.725)</u>	<u>(162.994)</u>
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b>			
Hækkun á hreinni eign á árinu .....	23	27.559.299	14.263.693
Hrein eign frá fyrra ári .....		<u>146.297.929</u>	<u>132.034.236</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		<u>173.857.228</u>	<u>146.297.929</u>



## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	24	69.105.636	58.263.815
Verðbréf með föstum tekjum .....	25	84.071.183	73.703.038
Veðlán .....	26	3.244.295	2.740.852
Bankainnstæður .....	1	13.065.609	9.161.073
Aðrar fjárfestingar .....		0	40.000
		<u>169.486.723</u>	<u>143.908.778</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....		742.496	668.734
Aðrar kröfur .....	29	136.753	217.072
		<u>879.249</u>	<u>885.806</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltiinnlán .....	1	5.150.092	2.054.732
		<u>175.516.064</u>	<u>146.849.316</u>
<b>Eignir samtals</b>			
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Ógreidd iðgjöld til ráðstöfunar inn á höfuðstól lána .....	14	(26.660)	(38.178)
Aðrar skuldir .....	30	(1.632.176)	(513.209)
		<u>(1.658.836)</u>	<u>(551.387)</u>
		<u>(1.658.836)</u>	<u>(551.387)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		<u>173.857.228</u>	<u>146.297.929</u>

## YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....	10-11	11.887.924	9.912.155
Fjárfestingartekjur .....		1.312.902	665.091
Afborganir verðbréfa .....		5.821.381	4.882.929
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....		14.146.282	12.410.295
Seld verðbréf með föstum tekjum .....		4.643.992	712.282
Seldar aðrar fjárfestingar .....		40.000	0
		<u>37.852.481</u>	<u>28.582.752</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir .....	12-15	3.285.721	3.237.399
Fjárfestingargjöld .....	18	386.197	340.737
Rekstrarkostnaður .....	18	181.058	164.154
Skammtímalíðir, breyting .....		111.089	55.882
		<u>3.964.065</u>	<u>3.798.172</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....		<u>33.888.416</u>	<u>24.784.580</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Keypt verðbréf með breytilegum tekjum .....		13.127.583	12.746.628
Keypt verðbréf með föstum tekjum .....		13.151.690	9.766.970
Ný veðlán og útlán .....		903.197	813.702
Aukning á bankainnstæðum .....	1	3.904.535	4.316.761
Greitt vegna flutnings séreignadeilda LSS .....		(293.949)	0
		<u>30.793.056</u>	<u>27.644.061</u>
Hækkun/(lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum .....		3.095.360	(2.859.481)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....	1	<u>2.054.732</u>	<u>4.914.213</u>
Sjóður og veltiinnlán í lok árs .....		<u>5.150.092</u>	<u>2.054.732</u>

## REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármáleftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn skiptist í fjórar séreignardeildir, eina tryggingadeild og eina sameiginlega deild sem tekur við iðgjöldum frá launagreiðendum. Sameiginlega deildin ráðstafar iðgjöldum á deildir sjóðsins í samræmi við samninga sjóðfélaga.

Nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða tóku gildi 11. mars 2015. Samkvæmt 52. grein þeirra reglna eiga þær að koma til framkvæmda við gerð ársreikninga fyrir árið 2015. Í 52. gr. a. er lífeyrissjóðum heimilað að vinna ársreikninga vegna reikningsskila ársins 2015 í samræmi við reglur nr. 55/2000. Frjálsi lífeyrissjóðurinn nýtir sér þá heimild. Að auki skal í skýringum sjóða sem nýta sér heimildina veita upplýsingar um þóknanir og kostnað samkvæmt lið 3.7 Fjárfestingargjöld í 10. gr. reglna nr. 335/2015 og samkvæmt ákvæðum 40. og 41. gr. reglnanna.

Lífeyrissjóðurinn hefur endurskilgreint og endurflokkað bankainnstæður þannig að bankainnstæður sem eru í samræmi við fjárfestingarstefnu eru nú flokkaðar sem fjárfestingar en ekki færðar undir liðinn aðrar eignir. Þetta hækkar bókfærðar fjárfestingar í samanburðartölum sjóðsins um 6.195,9 milljónir kr. og eru aðrar eignir í sjóðnum þá að sama skapi lægri sem þessu nemur.

### 2. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### 3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands og árslokagengi var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
		2015	2014	31.12.2015	31.12.2014
Evra.....	EUR	145,89	154,43	140,93	153,84
Bandaríkjadollar.....	USD	131,53	116,47	129,28	126,60
Japanskt jen.....	JPY	1,09	1,10	1,07	1,06
Dönsk króna.....	DKK	19,56	20,71	18,88	20,66

### 4. Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum.

### 5. Fjárfestingarleiðir

*Frjálsi 1, Frjálsi 2, Frjálsi 3 og Frjálsi Áhætta:*

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum, skráð verðbréf með föstum tekjum og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í lok ársins. Óskráð verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Önnur óskráð verðbréf eru færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í lok ársins, ef það liggur fyrir með áreiðanlegum hætti.

*Tryggingadeild:*

Verðbréf eru metin með sama hætti og í leiðum Frjálsa 1 til 3 og Frjálsa Áhættu hér að ofan, að því undanskildu að frá ársbyrjun 2006 hafa öll verðbréf með föstum tekjum verið færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu.

## SKÝRINGAR

### 6. Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur séreignadeilda og tryggingadeildar til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri, barnalífeyri og annan lífeyri. Jafnframt útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt bráðabirgðaákvæði svo og viðbótariðgjöld sem ráðstafað er inn á lán. Auk þess beinn kostnaður sem fellur til vegna örorkulífeyrisúrskurða og gjalds til starfsendurhæfingarsjóðs.

### 7. Fjárfestingartekjur

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum og veðlánnum, auk vaxtatekna af iðgjöldum tryggingadeildar og bankainnstæðna. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

### 8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

### 9. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðsins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## IÐGJÖLD

### 10. Iðgjöld

Í ársreikningi sjóðsins eru iðgjöld færð til tekna í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris þegar bæði greiðslur og skilagreinar hafa borist sjóðnum en þá hafa réttindi eða séreign áunnist fyrir sjóðfélaga. Iðgjöld sjóðfélaga eru greidd inn á sameiginlegan iðgjaldareikning Frjálsa lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild sjóðfélagar eru. Daglegt uppgjör fer fram á milli iðgjaldareikningsins og deilda sjóðsins sem felur í sér að greiðslur eru millifærðar af iðgjaldareikningi yfir á bankareikninga viðkomandi deilda í samræmi við samninga sjóðfélaga. Þann 31. desember 2015 var staðan á sameiginlegum iðgjaldareikningi sjóðsins 236,3 milljónir kr.

Í tryggingadeild sjóðsins hafa iðgjöld vegna ársins 2015 eða eldri tímabila, sem voru greidd og/eða skráð eftir að uppgjörssárinu lauk, verið bókfærð að fjárhæð 336,0 milljónir kr. Einnig eru iðgjöld tryggingadeildar áætluð vegna skilagreina sem hafa borist en hafa ekki verið greiddar þegar uppgjörssárinu lauk. Í lok ársins eru áætluð iðgjöld tryggingadeildar vegna ógreiddra skilagreina 406,5 milljónir kr. Ógreiddar skilagreinar séreignardeilda í lok ársins nema 212,4 milljónum kr. en ekki er áætlað fyrir þeim í iðgjöldum því þær mynda ekki séreign fyrir sjóðfélaga fyrr en þær greiðast eftir uppgjörssárið.

### 11. Iðgjöld greinast þannig:

	2015	2014
Lágmarksiðgjöld .....	9.419.907	8.166.425
Viðbótariðgjöld .....	2.296.162	1.759.067
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....	16.663	2.390
Flutningur séreignar frá LSS* .....	1.472.604	0
Sérstök aukaframlög .....	155.193	125.976
	<b>13.360.529</b>	<b>10.053.858</b>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Lágmarksiðgjöld .....	3.343.441	385.769	1.086.925	30.606	4.573.166	9.419.907
Viðbótariðgjöld .....	1.578.946	271.067	419.927	26.222	0	2.296.162
Réttindaflutn. og endurgreiðslur .....	(545.665)	642.445	(64.614)	8.193	(23.696)	16.663
Flutningur séreignar frá LSS* .....	915.241	305.181	252.182	0	0	1.472.604
Sérstök aukaframlög .....	0	0	0	0	155.193	155.193
	<b>5.291.963</b>	<b>1.604.462</b>	<b>1.694.420</b>	<b>65.021</b>	<b>4.704.663</b>	<b>13.360.529</b>

## SKÝRINGAR

### 11. Iðgjöld, frh.

#### \* Frjálsi lífeyrissjóðurinn tekur við séreignarsparnaði sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) tók þá ákvörðun að loka séreignadeild sjóðsins og var séreign sjóðfélaga flutt í Frjálsa lífeyrissjóðinn skv. samkomulagi sjóðanna nema sjóðfélagar óskuðu eftir að flytja séreignarsparnað sinn til annarra vörsluaðila. Sjóðfélagar í séreignardeild LSS voru um eitt þúsund talsins og nam heildarflutningur séreignarsparnaðar þeirra í Frjálsa lífeyrissjóðinn um 1,5 milljörðum kr.

## LÍFEYRIR

### 12. Lífeyrir greinist þannig:

	2015	2014
Ellilífeyrir .....	1.789.465	1.736.849
Barnalífeyrir .....	19.757	17.663
Makalífeyrir .....	35.862	30.336
Örorkulífeyrir .....	278.605	242.695
Annar lífeyrir .....	161.614	114.869
	<b>2.285.303</b>	<b>2.142.412</b>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Ellilífeyrir .....	864.260	92.394	652.375	0	180.436	1.789.465
Barnalífeyrir .....	0	0	0	0	19.757	19.757
Makalífeyrir .....	0	0	0	0	35.862	35.862
Örorkulífeyrir .....	13.965	324	6.429	0	257.887	278.605
Annar lífeyrir .....	108.413	32.759	20.442	0	0	161.614
	<b>986.638</b>	<b>125.477</b>	<b>679.246</b>	<b>0</b>	<b>493.942</b>	<b>2.285.303</b>

### 13. Útgreiðsla séreignarsparnaðar

Útgreiðsla séreignarsparnaðar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nam 176,2 milljónum kr. fyrir árið 2015. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu var réttthafa séreignarsparnaðar heimilt að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar fram til ársloka 2014, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla laganna, til vörsluaðila skv. 3.-5. mgr. 8. gr. Upphæðin getur numið allt að 9,0 milljónum kr. á hvern réttthafa, en þó að frádreginni þeirri fjárhæð sem þegar hefur verið greidd út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. janúar 2014. Samsvarandi útgreiðsla fyrir árið 2014 var 1.006,8 milljónir kr.

### 14. Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána eða til öflunar íbúðarhúsnæðis

Lífeyrisgreiðslur á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem ráðstafa á inn á lán nemur 722,4 milljónum kr. fyrir árið 2015. Þar af eru 26,7 milljónir kr. ógreiddar í árslok og er fjárhæðin skuldfærð í efnahagsreikningi. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu er réttthafa séreignarsparnaðar heimilt að nýta viðbótariðgjald, vegna launagreiðslna á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017, til greiðslu inn á höfuðstól lána eða til öflunar íbúðarhúsnæðis. Samsvarandi fjárhæð fyrir árið 2014 var 141,7 milljónir kr.

Heimild einstaklings takmarkast við allt að 4% framlag réttthafa og allt að 2% framlag launagreiðanda að hámarki samanlagt 500 þús. kr. á almanaksári. Hjá hjónum og einstaklingum, sem uppfylla skilyrði til samsköttunar skv. 3. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003, takmarkast heimildin við sömu forsendur en að hámarki samanlagt 750 þús. kr. á almanaksári. Greiðsla inn á lán getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur inneign réttthafa vegna greiddra iðgjalda á hverjum tíma.

## SKÝRINGAR

### 15. Kostnaður vegna örorkulífeyris greinist þannig:

	2015	2014
Kostnaður vegna örorkumats .....	6.261	6.850
VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður .....	95.518	81.330
	<u>101.779</u>	<u>88.180</u>

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur greiddu til starfsendurhæfingarsjóðs 0,13% af iðgjaldsstofni vegna ársins 2015. Gjaldið lækkaði frá og með 1. janúar 2016 í 0,10% af iðgjaldsstofni.

## FJÁRFESTINGARTEKJUR

### 16. Tekjur af eignarhlutum greinast þannig:

	2015	2014
Gengismunur af hlutabréfum .....	2.040.793	519.360
Arður af hlutabréfum .....	599.956	75.785
	<u>2.640.749</u>	<u>595.145</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Gengismunur af hlutabréfum .....	1.340.113	113.432	28.239	926	558.083	2.040.793
Arður af hlutabréfum .....	453.823	20.610	0	462	125.061	599.956
	<u>1.793.936</u>	<u>134.042</u>	<u>28.239</u>	<u>1.388</u>	<u>683.144</u>	<u>2.640.749</u>

### 17. Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

	2015	2014
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini .....	15.246.553	5.831.404
Vaxtatekjur vegna iðgjalda .....	21.039	22.208
Bankainnstæður .....	594.768	559.000
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla .....	(521.774)	1.106.551
	<u>15.340.586</u>	<u>7.519.163</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini .....	9.457.373	755.430	1.040.883	26.191	3.966.676	15.246.553
Vaxtatekjur vegna iðgjalda .....	0	0	0	0	21.039	21.039
Bankainnstæður .....	210.887	33.289	171.907	912	177.773	594.768
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla .	(282.908)	(42.659)	2.903	500	(199.610)	(521.774)
	<u>9.385.352</u>	<u>746.060</u>	<u>1.215.693</u>	<u>27.603</u>	<u>3.965.878</u>	<u>15.340.586</u>

Vaxtatekjur af iðgjöldum séreignardeildar að fjárhæð 30,7 milljónir kr. eru færðar sem hluti af iðgjöldum launagreiðenda í breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris því þær mynda séreign fyrir sjóðfélaga en ekki tekjur fyrir séreignardeildirnar.

## FJÁRFESTINGARGJÖLD OG REKSTRARKOSTNAÐUR

## 18. Þóknun til rekstraraðila

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfsrækslu sjóðsins á árinu nam 513,6 milljónum kr. og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýsluþóknun nam 469,6 milljónum kr. eða 0,29% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins og vörsluþóknun 44,0 milljónum kr. Þóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 385,2 milljónir kr. og meðal rekstrarkostnaðar 128,4 milljónir kr. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi. Önnur fjárfestingargjöld eru 11,2 milljónir kr. og fjárfestingargjöld alls 396,4 milljónir kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins er 52,3 milljónir kr. og rekstrarkostnaður alls 180,7 milljónir kr.

Samsvarandi þóknun vegna 2014 nam 449,7 milljónum kr. Umsýsluþóknun nam 417,2 milljónum kr. eða 0,30% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins og vörsluþóknun 32,4 milljónum kr. Þóknunin var gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 337,3 milljónir kr. og meðal rekstrarkostnaðar 112,4 milljónir kr. Önnur fjárfestingargjöld numu 14,92 milljónum kr. og fjárfestingargjöld alls 352,2 milljónum kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins var 50,6 milljónir kr. og rekstrarkostnaður alls 163,0 milljónir kr.

## 19. Áætluð umsýsluþóknun sjóða sem Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur fjárfest í

	2015	2014
Meðalstaða eigna í innlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum .....	28.126.803	25.124.593
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun innlendra verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestasjóða .....	405.956	325.992
Kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu hreinnar eignar lífeyrissjóðsins .....	0,3%	0,2%
Meðalstaða eigna í erlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum .....	26.226.818	22.907.409
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun erlendra verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestasjóða .....	234.343	243.617
Kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu hreinnar eignar lífeyrissjóðsins .....	0,1%	0,2%

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Meðalstaða eigna í innlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum .....	18.453.765	1.514.615	1.304.980	58.872	6.794.571	28.126.803
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun innlendra verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða .....	270.286	19.638	10.055	698	105.279	405.956
Kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu hreinnar eignar lífeyrissjóðsins .....	0,3%	0,2%	0,1%	0,4%	0,2%	0,3%
Meðalstaða eigna í erlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum .....	22.968.572	529.955	9.906	2.329	2.716.056	26.226.818
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun erlendra verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða .....	200.313	5.035	9	27	28.959	234.343
Kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu hreinnar eignar lífeyrissjóðsins .....	0,2%	0,1%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%

Við mat á áætluðum kostnaði sjóða sem fjárfest hefur verið í er tekið tillit til umsýslukostnaðar hjá annars vegar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum og hins vegar hjá fagfjárfestasjóðum sem eru á lista frá Fjármálaeftirlitinu dags. 10. febrúar 2016. Áætlaður kostnaður sjóðanna er umsýsluþóknun þeirra að teknu tilliti til afsláttar. Umsýslukostnaður sjóðanna er sem áður innifalinn í vaxtatekjum og gengismuni meðal fjárfestingartekna og afslátturinn sem lífeyrissjóðurinn fær er tekjufærður undir sama lið. Einnig er ávöxtun sem fyrr birt að frádregnum þessum kostnaði. Við mat á hlutdeild lífeyrissjóðsins í kostnaði er miðað við meðalstöðu ársins í viðkomandi sjóði. Meðalstaðan er reiknuð miðað við eign lífeyrissjóðsins í lok hvers ársfjórðungs.

## SKÝRINGAR

### 20. Laun stjórnar og endurskoðunarnefndar greinast þannig:

	2015	2014
Ásgeir Thoroddsen, stjórnarformaður .....	2.460	2.340
Anna Sigríður Halldórsdóttir, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd .....	1.546	1.170
Ásdís Eva Hannesdóttir, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd .....	1.546	1.170
Eliás Jónatansson, stjórnarmaður .....	1.230	1.170
Elín Þórðardóttir, stjórnarmaður og formaður endurskoðunarnefndar .....	1.862	1.170
Jón Guðni Kristjánsson, stjórnarmaður .....	1.230	682
Magnús Pálmi Skúlason, stjórnarmaður .....	1.230	1.170
Guðmundur Örn Óskarsson, varamaður í stjórn .....	203	195
Selma Svavarsdóttir, varamaður í stjórn .....	203	195
Sigrún Ósk Þorgeirsdóttir, varamaður í stjórn .....	203	98
Tryggvi Þór Herbertsson, varamaður í stjórn .....	203	98
Jónmundur Guðmarsson, fv. stjórnarmaður og áður í endurskoðunarnefnd .....	0	486
Guðmundur Freyr Sveinsson, fv. varamaður í stjórn .....	0	98
	<b>11.916</b>	<b>10.043</b>

Einstaklingar í stjórn og endurskoðunarnefnd hafa ekki verið tilnefndir til setu í nefndum og stjórnnum af hálfu Frjálsa lífeyrissjóðsins.

### 21. Þóknarir til endurskoðenda greinast þannig (með vsk.):

	2015	2014
Endurskoðun ársreiknings .....	4.575	3.283
Könnun árshlutareikninga .....	3.600	3.525
Önnur þjónusta og útlagður kostnaður .....	0	98
	<b>8.175</b>	<b>6.906</b>

### 22. Þóknarir til tryggingastærðfræðings greinast þannig (með vsk.):

	2015	2014
Útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu .....	1.315	1.330
Önnur þjónusta .....	9.982	10.503
	<b>11.297</b>	<b>11.833</b>

### 23. Breytingar á inneign sjóðfélaga greinast þannig:

	2015	2014
Iðgjöld .....	13.360.529	9.912.155
Greiddur lífeyrir .....	(3.285.721)	(3.237.398)
Fjárfestingartekjur - (gjöld) .....	17.484.491	7.588.936
	<b>27.559.299</b>	<b>14.263.693</b>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Iðgjöld .....	5.291.963	1.604.462	1.694.419	65.022	4.704.663	13.360.529
Greiddur lífeyrir .....	(1.646.913)	(228.205)	(804.704)	(10.178)	(595.721)	(3.285.721)
Fjárfestingartekjur - (gjöld) .....	10.927.078	858.442	1.178.081	28.358	4.492.532	17.484.491
	<b>14.572.128</b>	<b>2.234.699</b>	<b>2.067.796</b>	<b>83.202</b>	<b>8.601.474</b>	<b>27.559.299</b>



# SKÝRINGAR

## FJÁRFESTINGAR

### 24. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	2015	2014
Skráð innlend hlutabréf .....	7.360.787	3.275.264
Óskráð innlend hlutabréf .....	6.733.603	7.547.447
Skráð erlend hlutabréf .....	715.798	432.155
Innlend hlutdeildarskírteini .....	27.616.465	22.626.187
Erlend hlutdeildarskírteini .....	26.678.983	24.382.762
	<u>69.105.636</u>	<u>58.263.815</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Skráð innlend hlutabréf .....	5.029.239	332.508	0	11.532	1.987.508	7.360.787
Óskráð innlend hlutabréf .....	4.451.943	303.750	74.459	2.545	1.900.906	6.733.603
Skráð erlend hlutabréf .....	500.880	31.338	0	2.495	181.085	715.798
Innlend hlutdeildarskírteini .....	18.187.972	1.467.587	1.155.122	70.096	6.735.688	27.616.465
Erlend hlutdeildarskírteini .....	23.260.020	564.581	12.077	2.809	2.839.496	26.678.983
	<u>51.430.054</u>	<u>2.699.764</u>	<u>1.241.658</u>	<u>89.477</u>	<u>13.644.683</u>	<u>69.105.636</u>

### 25. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	2015	2014
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	60.442.581	57.493.405
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana .....	7.085.196	2.577.548
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	441.347	320.026
Skuldabréf fyrirtækja .....	15.739.495	13.250.902
Önnur skuldabréf .....	362.564	61.157
	<u>84.071.183</u>	<u>73.703.038</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	24.741.775	3.865.517	10.932.635	76.067	20.826.587	60.442.581
Skuldabréf með ábyrgð fjármálast. ....	2.486.641	730.050	1.584.667	0	2.283.838	7.085.196
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	152.360	25.870	85.729	53	177.335	441.347
Skuldabréf fyrirtækja .....	8.478.738	905.568	1.690.598	5.118	4.659.473	15.739.495
Önnur skuldabréf .....	161.541	20.208	61.735	201	118.879	362.564
	<u>36.021.055</u>	<u>5.547.213</u>	<u>14.355.364</u>	<u>81.439</u>	<u>28.066.112</u>	<u>84.071.183</u>

## SKÝRINGAR

### 25. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig, frh.:

Verðbréf með föstum tekjum eru metin á áætluðu markaðsverði í Frjálsa 1, Frjálsa 2, Frjálsa 3 og Frjálsa Áhættu, en á kaupkröfu í Tryggingadeild. Bókfært verð og verð samkvæmt upphaflegri kaupkröfu sundurliðast þannig:

	2015		2014	
Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu .....	80.924.364	71.734.398		
Samkvæmt ársreikningi .....	84.071.183	73.703.038		
	<u>(3.146.819)</u>	<u>(1.968.640)</u>		

  

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu .....	33.520.467	5.212.999	14.046.361	78.424	28.066.113	80.924.364
Samkvæmt ársreikningi .....	36.021.054	5.547.213	14.355.364	81.439	28.066.113	84.071.183
	<u>(2.500.587)</u>	<u>(334.214)</u>	<u>(309.003)</u>	<u>(3.015)</u>	<u>0</u>	<u>(3.146.819)</u>

Áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í tryggingadeild, var 30.854 milljónir kr. í lok tímabilsins, samanborið við 28.063 milljónir kr. sé miðað við upphaflega kaupkröfu eða 2.791 milljónum kr. hærra. Í ársbyrjun var áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í tryggingadeild 1.465 milljónum kr. hærra en ef miðað er við upphaflega kaupkröfu.

### 26. Veitt lán gegn veði í fasteignum greinast þannig:

	2015		2014	
Sjóðfélagar .....	3.369.696	2.862.168		
Aðrir aðilar .....	18.852	22.939		
Varúðarniðurfærsla í upphafi árs .....	(144.253)	(112.738)		
Varúðarniðurfærsla á árinu .....	0	(31.517)		
	<u>3.244.295</u>	<u>2.740.852</u>		

  

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Sjóðfélagar .....	1.371.146	8.749	66.583	0	1.923.218	3.369.696
Aðrir aðilar .....	13.837	144	0	0	4.871	18.852
Varúðarniðurfærsla .....	(73.751)	(613)	(3.489)	0	(66.400)	(144.253)
	<u>1.311.232</u>	<u>8.280</u>	<u>63.094</u>	<u>0</u>	<u>1.861.689</u>	<u>3.244.295</u>

### 27. Gjaldfærð (tekjufærð) varúðarniðurfærsla greinist þannig:

	2015		2014	
Veðlán til sjóðfélaga .....	0	31.517		
Skuldabréf fyrirtækja - (lækkun niðurfærslu) .....	(80.276)	(25.333)		
Aðrar breytingar .....	0	3.972		
	<u>(80.276)</u>	<u>10.156</u>		

  

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Skuldabréf fyrirtækja .....	(60.310)	(7.056)	(2.549)	0	(10.361)	(80.276)
	<u>(60.310)</u>	<u>(7.056)</u>	<u>(2.549)</u>	<u>0</u>	<u>(10.361)</u>	<u>(80.276)</u>

## SKÝRINGAR

### 28. Skipting erlendra eigna eftir gjaldmiðlum greinist þannig:

	2015	2014
Bandaríkjadollar .....	58,0%	55,1%
Japanskt jen .....	4,6%	7,9%
Dönsk króna .....	2,1%	1,5%
Evra .....	35,2%	35,5%
Aðrar myntir .....	0,1%	0,0%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2015
Bandaríkjadollar .....	59,5%	47,9%	100,0%	20,1%	49,2%	58,0%
Japanskt jen .....	5,6%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4,6%
Dönsk króna .....	1,8%	3,6%	0,0%	47,0%	3,9%	2,1%
Evra .....	33,0%	48,5%	0,0%	32,9%	46,9%	35,2%
Aðrar myntir .....	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

### 29. Aðrar kröfur greinast þannig:

	2015	2014
Áfallnir vextir .....	6.000	12.460
Viðskiptakröfur .....	130.753	204.612
	<u>136.753</u>	<u>217.072</u>

### 30. Aðrar skuldir greinast þannig:

	2015	2014
Óbókuð greidd iðgjöld .....	223.814	265.615
Ógreiddur lífeyrir, laun og launatengd gjöld .....	60.830	142.909
Ógreiddur umsýslukostnaður .....	82.605	72.412
Ógreitt til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs .....	31.169	24.907
Óuppperð viðskipti (jan. 2016) .....	1.225.094	0
Aðrar viðskiptaskuldir .....	8.664	7.366
